

17. október 2019 | Aðsent efni | 766 orð | 1 mynd

Fráleitir samanburð ur lagasnáps

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Framsál á stjórn orkumála og þá orkulinda Íslands er metið ámóta eða minna fullveldisafsal en framsal á fjármálaeftirliti."

Ég tel að álitgerðir prófessors Carls Baudenbacher, fyrrverandi dómsforseta EFTA-dómstólsins í Lúxemborg og Skúla Magnússonar, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, fyrrverandi ritara EFTA-dómstólsins, hafi taglhnýtt Alþingi við orkupakkann. – Prófessorinn hefur haldið hér fjölda fyrirlestra.

Í álitgerð prófessors CB er virðuleg grímulaus ógnun um að Íslendingar eiga að lúta yfirvaldinu; Evrópuvaldinu (m.a. Surveillance Authority (ESA)). Ekki skortir að prófessorinn fullvissar lesanda um að landsmenn þurfi ekkert að óttast nema skömmina að hafa trassað að gera athugasemdir í tæka tíð.

Prófessor CB bendir á að ótækt sé að draga lengur eðlileg samskipti Noregs og Lichtensteins við ESB. Á þessu hamrar hann. Þá nefnir prófessorinn fyrrverandi ritara sinn, Skúla, ítrekað til vitnis, um að stjórnarskrá Íslands megi teygja, svo hægt sé að samþykkja orkupakkann.

Hæst stiguð íslensk, vegna lærdóms og reynslu, var álitgerð Stefáns Más Stefánssonar og Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst, en dugði ekki til, því þeir voruðu ítrekað við samþykki orkupakkans:

„Með vísan til framanritaðs er það álit höfunda að ekki séu að óbreyttu forsendur til þess að Ísland aflétti stjórnskipulegum fyrirvara við umrædda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.“ (S. 36)

Meirihluti Alþingis var ósáttur með álitgerðina. Þá var gripið til tveggja ráða: pípuhatts utanríkisráðherra og að vitna í álitgerð Skúla.

Í umfjöllun um orkupakkann hefur Skúli réttilega titlað sig dósent við HÍ, en í hans eigin ferilskrá er hann, réttilega, titlaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Álitgerð Skúla er ámælisverð vegna þess að:

- Einbeitt atлага er gerð að stjórnarskrá Íslands.
- Framsal á stjórn orkumála og þá orkulindum Íslands er metið ámóta eða minna fullveldisafsal, en framsal á fjármálaeftirliti.
- Ekki er gagnrýnt að ESB hefur undanfarinn aldarfjórðung tekið sér aukið vald innan EES-samningsins. Er Skúli ekki meðvitaður um að honum beri að gæta hagsmuna Íslands?
- Tillögur fyrir Alþingi innihalda mótsagnir.
- Mótsagnir í tillögum flækja lög og rétt landsins.
- Í gerðinni er fjallað um lagatæknileg atriði en sjónum ekki beint að afleiðingum ákvarðana.

Skúli heldur til skila að í stjórnarskránni eru engin ákvæði, um framsal á ríkisvaldi. Að því gerðu tekur hann að gæla við þá „fræðimennsku“ að löglaut framsal verði löglegt ef það stendur lengi óátalið og ítrekað. Er svo að skilja að við það breytist stjórnarskráin.

Þá kemur í huga lesara hvort þjófnaður verði löglegur ef lögleysan; hvinnskan, hefur verið lengi iðkuð?

Ítarleg er „fræðimennska“ um að betra sé að brjóta á allri þjóðinni, en á einum manni, þ.e. að það gæti verið þolandi að erlent vald níddist á íslenska ríkinu; og þá landsmönnum öllum, en ekki á mér eða þér, sem þetta lest!

Hér tel ég mig þekkja affluttar, fagrar hugsjónir mestu andans manna genginna kynslóða, sem koma vildu í veg fyrir að ríkisvald bryti mannréttindi. Í einræðisríkjum er fólki vörn í stjórnarskrá, sem bannar fangelsun í meira en sólarhring, án dóms, svo dæmi sé tekið.

Lýðveldisstjórnarskráin er að stofni til, til okkar komin árið 1874. Uppruna hennar er að leita til átjándu aldar í stjórnarskrá Bandaríkjanna og til frönsku stjórnarbyltingarinnar. Að baki er frelsisbarátta sem kostaði blóð, svita og tár.

Fer vald þjóðríkja þverrandi, vegna auðssöfnunar og valds örfárna? Sé svo er ástæða til að taka þjóðríkið í gjörgæslu.



Tómas Ísleifsson

Í basli Skúla við að komast framhjá stjórnarskránni, þvælist Björg Thorarensen lagaprófessor fyrir. Björg hefur skrifað fræðigreinar þar sem hún bendir á að „*stjórnskipulegar forsendur fyrir samþykkt EES-samningsins árið 1992 [sú] brostnar.*“ (Skúli s. 30)

Hindrunina fjarlægir Skúli, svo: „*Að mínu mati er slík niðurstaða um stöðu íslenska ríkisins gagnvart EES-samningnum fjarstæðukennd.*“ (S. 31)

Þá er komið að beiðni stjórnarráðsins til Skúla, um samanburð á framsali á stjórn orkumála og framsali á fjármálaeftirliti. Niðurstaða hans vekur undrun. Sá sem hér skrifar hefur vissulega hvorki skoðað þau lög og reglur, sem giltu á Íslandi og í Evrópu í orkumálum, né í fjármálaeftirliti.

Hér er um eðlisólík mál að ræða og ekki flókið að mynda sér vitræna skoðun. Annars vegar er framsal á ráðstöfunarrétti á auðlind og hins vegar framsal á fjármálaeftirliti til evrópskrar stofnunar.

Fjármálaeftirlit snýst um að skikka fólk til að fara að lögum. Íslenskt ríkisvald og ESB hafa þar sömu hagsmuni. Regluverk um fjármál á Íslandi og í ESB hefur sennilega lengi verið svipað. Vegna millilandaviðskipta er nauðsyn að eftirlit sé yfir landamæri. Til að hindra glæpi eins og eiturlyfjasölu og peningabætti þarf eftirlit.

Því fer fjarri að Íslendingar, með gnægð endurnýjanlegra orkulinda, eigi sameiginlega hagsmuni með orkusnauðri Evrópu. Aldrei verður nógsamlega hamrað á að sá sem hefur ráðstöfunarrétt er í raun eigandi. Nærtækt er að leiða hugann að veðsetningu Íslandsmiða.

Úrskurður Skúla Magnússonar dómara, um að framsal á ráðstöfunarrétti raforku sé sambærilegt við framsal á fjármálaeftirliti, er vítaverður.

Höfundur er félagi í Vinstri grænum. linekra@simnet.is